

Þriðjudaginn 14. ágúst 1984.

Nr. 147/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Tómasi Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magús P. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 10. þ.m., er barst Hæstarétti sama dag. Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendan hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann að því er varðar varnaraðilja.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar varnaraðilja, Tómas Sigurðsson.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 10. ágúst 1984.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins þess efnis, að þeim Tómasi Sigurðssyni, Ásbraut 3, og Brynjólfi Yngvasyni, Hamraborg 6, báðir (sic) í Kópavogi verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, barst dóminum þann 9. þ.m. og var tekin til úrskurðar sama dag. Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins er þess krafist, að Tómasi verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 22. ágúst n.k., kl. 17:00, en Brynjólfi allt til föstudagsins 17. ágúst n.k., kl. 17:00, vegna ætlaðra brota þeirra á ákvæðum XVII. og XXVI. kafla alm. hgl. og höfundalaga.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir liggja við úrlausn framangreindrar kröfu, var farið fram á við Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi Brynjólfs Eyvindssonar hdl., dags. 7. ágúst sl., að rannsókn færi fram vegna

meintra brota Tómasar Sigurðssonar, eiganda Myndbandaleigunnar Goðatúni 2, Garðabæ, á ákvæðum hegningarlaga og höfundalaga.

Kærði Tómas hefur viðurkennt að hafa farið í söluferð út á land í lok júlí sl. og að hafa þá selt myndbönd á Ísafirði og víðar. Hann hefur mót-mælt því að hafa selt í ferð þessari myndbönd, sem hann hafi tekið upp af upprunalegum myndböndum. Kærði hefur játað að hafa tekið upp efni af myndböndum og látið útbúa utan um eftirgerðina kápur með því, að ljósritaðar voru upprunalegar kápur. Þessar eftirgerðir hafi hann eingöngu notað sjálfur eða lánað kunningjum sínum til afnota.

Kærði Brynjólfur hefur viðurkennt að hafa útbúið myndbönd á þann hátt, sem hér að framan er lýst, í félagi við kærða Tómas. Kærði Tómas síðan farið í söluferð í sumar og hafi hann þá m.a. myndbandaefnis selt myndbönd, sem þeir höfðu báðir útbúið fyrir u.þ.b. 3—4 vikum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu hefur kærði Brynjólfur skýrt svo frá, að hann hafði tekið upp af 4 frummyndböndum og látið útbúa nýjar kápur utan um eftirgerðina hjá ljósmyndara. Fyrir dómi skýrði Brynjólfur svo frá, að hann hafi útbúið slíkt efni í félagi við kærða Tómas í 14-18 eintökum, en ekki hefur enn verið upplýst, um hvaða efni er þar að ræða.

Teknar hafa verið skýrslur af eiginkonu kærða Tómasar og Kristjáni Kristjánssyni, kaupmanni á Ísafirði. Skýrslur þessar eru í ýmsum veigamiklum atriðum ósamhljóða skýrslu kærða Tómasar.

Hútleit hefur farið fram á heimili kærða Tómasar, og fundust þá m.a. 65 eintök af myndbandaöskjum og 30 eintök af myndbandakápum. Einnig hefur farið fram hútleit að Stórholti 1 hjá Vídeoklúbbnum, sem kærði Brynjólfur rekur. Fundust þar gögn, er ætla má, að hafi þýðingu við að upplýsa mál þetta enn frekar en gert hefur verið með skýrslu kærða Brynjólfs.

Niðurstöður.

Kærðu hafa báðir viðurkennt að hafa útbúið eftirgerðir af myndböndum og notað þær til dreifinga. Hinsvegar greinir þá á, svo og greinir þá á við vitni um þýðingarmikil atriði, er varða kæruefnið. Rannsókn á því, hvaða efni hefur verið tekið upp, svo og dreifingu á því er nú skammt á veg komin.

Með vísan til þessa, svo og annarra atvika, sem hér að framan hafa verið rakin, þykir skylt samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að verða við kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi gæsluvarðhald og lengd gæsluvarðhaldstímans. Ber því kærðu að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, og skulu þeir látnir lausir, þegar rannsóknarnauðsynjar eru ekki lengur fyrir hendi, þó þannig, að kærði Tómas skal látinn laus í síðasta lagi miðvikudaginn 22. ágúst n.k., kl. 17:00, og kærði Brynjólfur í síðasta lagi föstudaginn 17. ágúst n.k. á sama tíma.

Brot þau, sem kærðu eru grunaðir um að hafa framið, geta varðað fangelsi samkvæmt 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 78/1984, og standa því ákvæði stjórnarskrárinnar eigi í vegi fyrir gæsluvarðhaldi kærðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tómas Sigurðsson og Brynjólfur Yngvason sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en Tómas (sic) til miðvikudagsins 22. ágúst n.k., kl. 17:00, og Brynjólfur til föstudagsins 17. ágúst n.k., kl. 17:00.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 152/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Karvel Gränz

Kærumál. Húsleit. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar svo og 1. mgr. 59. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.